

Vatnamælingar

REYKJADALSÁ, ÁSGIL og DEILDARGIL,

Borgarfirði

6. ágúst 1953

Um mánaðamótin júlí-ágúst bað Hermann Jónasson, landbúnaðar-ráðherra, mig að hafa í huga að athuga Reykjadalsá, Ásgil og Deildargil í Borgarfirði, þegar tækifæri biðist. Ráðherrann benti á þann möguleika að beina rennsli giljanna til Reykjadal-sár, en við aukið rennsli og lækkað hitastig árinnað mætti búast við að laxgengd hennar ykist.

Þegar ég fór til Norður- og Austurlands átti ég leið þarna um, svo að gott tækifæri gafst að athuga þessi vatnsföll. Aðstæður voru einnig að öðru leyti hentugar, því að þurrviðri höfðu verið undan-farið, ef frá er talinn smá skúr þremur dögum fyrir athugun. Í þurrkatíð er rennslisaukningar í Reykjadalsá fyrst og fremst þörf.

Þegar mæling fór fram, var veður kyrrt og hiti nálægt 16°C.

Vatnsfall	Mælistaður	Úrkomusvæði km <sup>2</sup>	Rennsli m <sup>3</sup> /sek.	Rennsli l/sek.pr km <sup>2</sup>	Vatnshiti °C
Reykjadalsá	neðan <sup>Geirsár</sup> Grimsár	210	1,52	7,3	17
Geirsá	við Reykjadalsá	36	0,08	2,2	15
Reykjadalsá	ofan Geirsár	174	1,44	8,3	17
Ásgil	við sýsluveg	17	0,10	5,9	10,4
Deildargil	neðan Urðarfells- kvíslar	15	0,84	56,0	6,8

p.t. Seyðisfirði, 16. ág. 1953

Sigurjón Rist  
(sign)